

Alþingi
Erindi nr. P 140/1979
komudagur 27.4.2012

27.04.12

Aðvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis, nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Efni: Frumvörp til laga um stjórn fiskveiða mál 657 og veiðigjald mál 658
.-Umsögn.-

Á fundi hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 26. apríl var lögð fram og samþykkt svofelld tillaga að ályktun vegna fyrirbyggjandi frumvarpa á Alþingi til stjórnar fiskveiða og veiðigjalda:

„Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps varar Alþingi sterklega við því að samþykkja óbreytt fyrirbyggjandi frumvarp til laga um stjórn fiskveiða mál nr. 657 og frumvarp til laga um veiðigjöld mál nr. 658.

Hreppsnefnd telur nauðsynlegt að áhrif frumvarpanna verði reiknuð út af blutlausum aðilum og niðurstöður þeirra útreikninga kynntar opinberlega áður en lengra verður haldið. Meðal annars verði skoðuð áhrif skattlagningar, tímalengd nýtingarleyfa stækkun potta, takmörkun á viðskiptum með aflamark, skattlagning viðskipta með aflahlutdeild og önnur þau áhrif, tengd umræddum breytingum, sem geta haft áhrif á atvinnulíf á Vopnafirði bæði hjá fyrirtækjum og einstaklingum.“

Skýring: Greinargerð óháðara sérfræðinga, sem fylgir frumvörpunum og sem unnin var að beiðni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, ætti ein og sér að duga þingmönnum til að staldra við og ígrunda gaumgæfilega áhrif lagasetningarinnar á rekstur og atkomu sjávarútvegsfyrirtækja og á sjávarbyggðir landsins.

Sérfræðingarnir hlúast við misjöfnu rekstrarumhverfi á næstu árum meðan útgerðin lagar sig að breyttum aðstæðum og segja að áformuð lagasetning muni verða mjög þyngjandi fyrir rekstur sjávarútvegsfyrirtækja. Einn fremur að hækkun veiðigjalds muni án efa kippa stöðum undan skuldsettarí útgerðarfyrirtækjum.

Þá benda sérfræðingarnir á að byggðaaðgerðir frumvarpsins séu ólíklegar til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að, enda skorti enn þann langtímaþöugleika sem getur skapað grundvöll fyrir uppbyggingu atvinnulífs í sjávarbyggðum.

Hreppsnefnd telur að þessi varnadarorð, sem fylgja frumvörpunum, séu meira en næg ástæða fyrir þingmenn til að skoða málin frekar þ.a. ljóst verði hvaða áhrif lagasetning þessi hefur á uppbyggingu atvinnulífs í sjávarbyggðum landsins.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Með bestu kveðjum,

Þorsteinn Steinsson

Sveitarstjóri
Vopnafirði



SVEITARSTJÓRINN
VOPNAFIRÐI